



LUNDARSKÓLI

Ábyrgð · Virðing · Velliðan

Skýrsla gæðaráðs og umbótaáætlun

21. júní 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Ytra mat	3
Starfsáætlun um innra mat	4
Niðurstöður mats	5
Stjórnun og fagleg forysta	5
Nám og kennsla	6
Innra mat	7
Heildarniðurstaða innra mats	8
Umbótaáætlun skólaársins 2023-2024	9

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2022 - 2023

1. Staða gagnvart ytra mati sem fram fór 2020
2. Helstu matsþættir:
 - Stjórnun og fagleg forysta
 - Metið var út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar um stjórnun og faglega forystu skólaárið 2022 - 2023.
 - Nám og kennsla
 - Lagt mat á stöðu umbóta á nágildandi skólaári.
 - Heildarendurskoðun m.t.t. gæðaviðmiða Menntastefnu Akureyrarbæjar um nám og kennslu fór fram 2021-2022.
 - Innra mat
 - Lagt mat á stöðu umbóta á nágildandi skólaári.
 - Heildarendurskoðun m.t.t. gæðaviðmiða Menntastefnu Akureyrarbæjar um innra mat fer fram á næsta skólaári.
3. Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Gæðaráð Lundarskóla,
Arna Heiðmar Guðmundsdóttir, kennari
Fjóla Dögg Gunnarsdóttir, deildarstjóri
Helga Rún Traustadóttir, deildarstjóri
Jónína Vilborg Karlsdóttir, kennari
Maríanna Ragnarsdóttir, skólastjóri

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Lundarskóla í mars 2020. Skýrsluna má sjá [hér](#) og heildarniðurstöður matsins eru á meðfylgjandi mynd. Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið er samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat. Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem gæðaráð mun fylgja eftir næsta skólaár.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Starfsáætlun um innra mat

Litið er á innra mat sem drifkraft þróunar og breytinga í átt að gæðastarfi í skólanum. Innra mati er ætlað að vera markvisst og samofið skólastarfinu og lögð er áhersla á virka þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra. Gæðaráð Lundarskóla vinnur út frá [starfsáætlun um innra mat fyrir skólaárið 2022-2023](#). Áætlunin er endurskoðuð í júní ár hvert og uppfærð eftir þörfum. Á grunni innra mats skólaárið 2021-2022 varð til umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 og er það verkefni gæðaráðs Lundarskóla að fylgja eftir vinnu samkvæmt umbótaráætlun og meta hvernig til tókst. Umbætur snéru fyrst og fremst að:

- faglegri forystu stjórnenda
- skýra stefnu um heilsueflandi skóla og efla starfsanda og líðan starfsfólks
- bæta námsumhverfi
- auka samþættingu í námi
- auka þátttöku og ábyrgð nemenda í skólastarfi
- efla gæðaráð og skólaráð

Umbótaáætlun gekk að mestu eftir en ekki tókst að ljúka vinnu við skipulag og framkvæmd innra mats. Þættir sem ekki tókst að ljúka verða færðir inn á umbótaáætlun næsta skólaárs.

Niðurstöður mats

Niðurstöður taka mið af starfsáætlun um innra mat og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 eru þær lagðar fram í eftirfarandi þáttum; stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Í hverjum þætti er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá viðmiðum skólans. Farið var yfir niðurstöður út frá matsgögnum og tillögur að umbótum lagðar á fram.

Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta var áhersluþáttur í innra mati skólans þetta skólaárið og var metið út frá [viðmiðum Akureyrarbæjar](#). Gögn sem nýtt voru til að leggja mat á stöðuna voru m.a. fundargerðir, niðurstöður úr spurningalistum um faglegt skólastarf og teymisvinnu, sýnilegt skipulag og starfshættir.

Niðurstaða: Talsverðar breytingar hafa orðið á viðmiðum skólans í mati á stjórnun og faglegri forystu sem útskýrir mun á niðurstöðum frá ytra mati sem gert var árið 2019. Mat út frá gæðaviðmiðum leiddi í ljós að 3 þættir af 7 voru metnir í flokkinn mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf og 4 þættir eru ljósgrænir sem þýðir gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Umbætur næsta skólaárs snúa að þeim þáttum sem ekki teljast að fullu í samræmi við lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Matsviðmið	
 	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
 	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
 	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
 	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Þættir sem flytjast á umbótaáætlun næsta skólaárs:

- Skýra stefnu skólans og gera hana sýnilegri (heilsueflandi stefna, kennslufræðileg stefna)
- Safna og nýta gögn með markvissari hætti til að meta árangur af skólaþróun/starfsþróun
- Auka faglegan stuðning stjórnenda
- Efla samstarf heimila og skóla

Nám og kennsla

Nám og kennsla var áhersluþáttur í innra mati skólaárið 2021-2022 og hafa umbætur staðið yfir. Við innra mat á skólafarfinu var tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar. Gögn sem nýtt voru til að leggja mat á stöðuna voru m.a. kennsluáætlanir, vettvangsheimsóknir stjórnenda í kennslu, starfsþróunarsamtöl, kennarafundir, ígrundun kennara, kannanir til nemenda og starfsfólks. Niðurstöðu á mati á námi og kennslu má sjá myndrænt hér fyrir neðan. Umbætur í kjölfar innra mats hafa staðið yfir og beinist vinna gæðaráðs að því að leggja mat á stöðu umbóta.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Umbætur skólaársins 2022-2023 voru:

- *Stuðla að námi og námsumhverfi við hæfi hvers og eins (lokið):* Uppbyggingu á skólahúsnæði lauk á síðasta skólaári og er námsumhverfið nú sveigjanlegra og auknir möguleikar á að mæta þörfum nemenda.
- *Auka samþættingu í námi (júní 2024):* Á unglingsstigi eru í þróun þverfaglegir kennslutímar sem nefnast blandari. Þeir hafa gefist vel og verða áfram í þróun á næsta skólaári. Á næsta skólaári verður lögð aukin áhersla á samþættingu námsgreina í 7. og 8. bekk.
- *Auka lýðræði í skólafarfinu (júní 2024):* Í öllum árgöngum voru bekkjarfundir gerðir að reglulegum þætti skólafarfinu og verður lögð áhersla á að auka gæði fundanna á næsta skólaári.
- *Stuðla að betri líðan, þátttöku og ábyrgð nemenda (júní 2024):* Reglulegir bekkjarfundir í öllum árgöngum og þróun leiðsagnarnáms. Á næsta skólaári mun áfram verða lögð áhersla á þróun leiðsagnarnáms með áherslu á að auka trú nemenda á eigin getu, félagastuðning, þátttöku og ábyrgð nemenda í námi. Einnig verður lögð áhersla á að efla stoðþjónustu skólans með áherslu á víðtæka námsaðlögun, líðan og félagslega þætti.





Þættir sem flytjast á umbótaáætlun næsta skólaárs:

- Þróun teymiskennslu
- Þróun leiðsagnarnáms með áherslu á að efla trú nemenda á eigin getu, þátttöku og ábyrgð í námi
- Efla stoðþjónustu skólans með áherslu á víðtæka námsaðlögun, líðan og félagslega þætti.
- Móta vinnulag vegna komu erlendra nemenda og ÍSAT kennslu
- Endurskoðun á námsmati
- Samþætting námsgreina á mið- og unglingsstigi

Innra mat

Innra mat var áhersluþáttur skólaárið 2019-2020 og hafa umbætur staðið yfir. Við innra mat á skólastarfinu var tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar. Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um innra mat voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, fundir með teymum og upplýsingar úr starfsþróunarsamtölum. Niðurstöður matsins má sjá á meðfylgjandi mynd. Umbætur í kjölfar innra mats hafa staðið yfir og beinist vinna gæðaráðs að því að leggja mat á stöðu umbóta.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Umbætur skólaársins 2022-2023 voru:

- Efla skólaráð enn frekar og aðkomu þeirra að innra mati (ólokið): Vegna skólastjóranskipta röskuðust fundir skólaráðs talsvert og gengu umbætur ekki eftir. Á næsta skólaári verður unnið að því að fjölga í skólaráði og setja aðkomu þess að gæðamati skólans í markvissari farveg.
- Efla gæðaráð, fá fleiri starfsmenn í ráðið (ólokið): Búið er að fjölga í gæðaráði en vegna manneklu í stjórnun skólans gekk starfsáætlun gæðaráðs ekki að fullu eftir. Á næsta skólaári verður fjölgað enn frekar í gæðaráði og unnið að því að skipuleggja betur söfnun gagna í innra mati og upplýsa starfsfólk betur um störf gæðaráðs

Þættir sem flytjast á umbótaáætlun næsta skólaárs:

- Efla skólaráð (sjá undir stjórnun og fagleg forysta)
- Efla gæðaráð (fjölga í gæðaráði og kynna störf þess á starfsmannafundum)

Heildarniðurstaða innra mats

Heildarniðurstaðan er að 18.8 % matsþátta (3/16) eru metnir grænir sem tákna mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. 50% matsþátta (8/16) eru metnir ljósgrænir sem tákna gott verklag og meiri styrkleikar en veikleikar greinast á undirþáttum. 31,3% matsþátta (5/16) greinast í flokkinn viðunandi verklag þar sem einhverjir þættir uppfylla viðmið en mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Allir þessir þættir snúa að námi og kennslu og skýrist lakari niðurstaða í innra mati miðað við niðurstöðu ytra mats af því að horft er til fleiri og ítarlegri viðmiða í matinu.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Umbótaáætlun skólaársins 2023-2024

Stjórnun og fagleg forysta (heildarúttekt)						
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Skýra stefnu skólans og gera hana sýnilegri	Móta kennslufræðilega stefnu Skýra stefnu um heilsueflandi skóla Skýra stefnu í agamálum	HRT MKR FDG	08 '23	06 '24	Stefnur lagðar fyrir skólaráð og kennarafund.	Stefnur eru í samræmi við áherslur menntastefnu Akureyrar og eru aðgengilegar og skýrar að mati kennara, stjórnenda og skólaráðs.
Safna og nýta gögn með markvissari hætti til að meta árangur af starfspróun/skólaþróun	Setja fram viðmið um starfshætti leiðsagnarnáms í samráði við kennara. Sjálfsmat kennara m.t.t. leiðsagnarnáms. Kallað eftir röddum nemenda í samvinnu við kennara	MKR FDG HRT	08 '23	06 '24	Gæðaráð metur vinnulag við innra mat skólaárið 2023-2024	Mjög gott verklag skv gæðaviðmiðum menntastefnu Akureyrar er snúa að faglegu samstarfi og samræðu.
Auka faglegan stuðning stjórnenda	Auka óformlegar heimsóknir í kennslu. Formlegar heimsóknir tvisvar á skólaári Þátttaka stjórnenda í námskeiðum. Stjórnandi á leiðtogafundum. Fundir stjórnenda og teyma.	MKR FDG HRT	08 '23	06 '24	Skólapúls, starfspróunarsamtöl og óformleg samtöl við kennara	Niðurstöður varðandi faglegan stuðning fyrir ofan meðallag á Skólapúlsi 2024
Efla samstarf heimila og skóla	Koma á fót virku foreldrafélagi	MKR	08 '23	06 '24	Fundargerðir foreldrafélags	Mjög gott verklag skv gæðaviðmiðum menntastefnu

	Fundur deildarstjóra með bekkjarfulltrúum Efla skólaráð. Fá inn fleiri fulltrúa m.a. út grenndarsamfélaginu. Auka samstarf skólaráðs við gæðaráð	FDG HRT MRK			Foreldrafundir Skólaráðsfundargerðir	Akureyrar er snúa að tengslum við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.
--	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------	--	--	---------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------

Nám og kennsla (heildarúttekt 2022)

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þróun teymiskennslu	Fundir með teymisleiðtogum undir stjórn MSHA. Áhersla á jafningjastuðning og starfendarannsóknir	HRT	08 '23	06 '24	Sjálfsmat teyma Fundir stjórnenda með teyimum.	Öll teymi á 4. stigi teymiskennslu skv. matskvarða um teymiskennslu
Þróun leiðsagnarnáms með áherslu á að efla trú nemenda á eigin getu, þátttöku og ábyrgð í námi	Vinna skv. þróunaráætlun um leiðsagnarnám	HRT FDG	08 '23	06 '24	Skólapúls Sjálfsmat kennara	Skólapúls: Tíðni leiðsagnarmats, trú nemenda á eigin getu og þrautseigja í námi fyrir ofan landsmeðaltal Kennarar meta trú nemenda á eigin getu og þrautseigju hafa aukist.
Efla stoðþjónustu skólans með áherslu á víðtæka	Myndun stoðteymis með fjölbreytta fagþekkingu	KIV	08 '23	06 '24	Skólapúls Ísl. æskulýðsrannsóknin Tengslakönnun	Niðurstöður bendi til bættrar líðan milli ára.

námsaðlögun, líðan og félagslega þætti.	Stuðningur við félags- og tilfinningafærni Stuðningur við námsaðlögun				Samtöl við stoðteymi og umsjónarkennara	Umsjónarkennarar meta stuðning stoðteymis góðan
Móta vinnulag vegna komu erlendra nemenda og ÍSAT kennslu	Þróa starfshætti/samstarf vegna ÍSAT nemenda	Verkefna stj. ÍSAT	08 '23	06 '24	Samtal við erlenda nemendur og foreldra. Könnun til kennara. Móttökuáætlun metin	Ánægja meðal kennara, nemenda og foreldra með móttöku, stuðning og samvinnu.
Endurskoðun á námsmati	Endurskoðun námsmats Þróa áreiðanlegra námsmat og heildstæð matsverkefni í hverjum árgangi	FDG HRT	08 '23	06 '24	Vinnufundir kennara	Yfirlit yfir skipulag námsmats í skólanum Áreiðanlegt og skýrt námsmat
Samþætting námsgreina á mið- og unglíngastigi	Áframhaldandi þróun Blandara á unglíngastigi Samþætt verkefni í 7. og 8. bekk þróuð	FDG	08 '23	06 '24	Vinnufundir kennara	Námsáætlanir sem uppfylla viðmið um gæði skv menntastefnu Akureyrar.

Innra mat (heildarúttekt 2020)

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla gæðaráð	Setja upp tímaáætlun fyrir söfnun gagna varðandi mat með tilliti til gæðaviðmiða um innra mat.	Gæðaráð	ágúst 2023	júní 2024	Gæðaráð metur vinnulag við innra mat skólaárið 2023-24	Innra mat samræmist fyllilega viðmiðum menntastefnu Akureyrar um gæðastarf

	Virkja starfsfólk og upplýsa það um markmið og niðurstöður innra mats.				Kynna starfsáætlun Gæðaráðs. Kynna niðurstöður kannana/mats. Hlekkur á starfsáætlun	Starfsáætlun liggur fyrir og unnið er eftir henni.
--	------------------------------------------------------------------------	--	--	--	---------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------